



# Aðalfundur

Borgartúni 6 • 105 Reykjavík

16. maí 2024



ÞROSKAFJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS



Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

# Dagskrá

## Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál



Umbrot: Margrét Kröyer

# Skýrsla stjórnar starfsárið 2023 - 2024

## Stjórn PÍ skipuðu:

**Laufey Elísabet Gissurardóttir** formaður, **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko** varaformaður, **Steinunn Jónsdóttir** ritari, **Bjarnveig Magnúsdóttir** gjaldkeri og meðstjórnendurnir, **Anna Björk Sverrisdóttir**, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** og **Særún Ósk Böðvarsdóttir**.

## Tengiliðir við nefndir og ráð:

**Laufey Elísabet Gissurardóttir** er tengiliður við Siðanefnd og fulltrúi í stjórn NFFS, **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko** er tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS,

**Anna Björk Sverrisdóttir** er tengiliður við fagråd, **Bjarnveig Magnúsdóttir** er tengill við vísindasjóð, **Særún Ósk Böðvarsdóttir** er tengiliður við Proskahjálp og við laganefnd, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengiliður við útgáfuråd og **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við Kjörnefnd og Vísindasjóð.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfi stjórnar á liðnu ári.

## Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfar formaður, Laufey Elísabet Gissurardóttir, og framkvæmdastjóri, Anna Lilja Magnúsdóttir, í fullu starfi. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum. Á skrifstofunni eru un- nin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga og kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna starfsmats hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum auk vinnu tengdri starfsmati.
- Aðstoða félagsfólks, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launapróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsfólk starfar.
- Funda með trúnaðarmannaráði og félagsfólki á vinnustöðum um allt land.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsfólks í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Lögfræðisþjónusta BHM á sviði vinnuréttar.
- Ráðgjöf til félagsfólks í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsfólks. Félagið birtir einnig atvinnuauðglýsingar fyrir félagsfólk og vinnustaði.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök proskahjálfa/social educators.

- Annast samstarf við menntavísindasvið HÍ og reglubundna fræðslu til háskólanema.
- Aðgang að sjóðum BHM (Styrktarsjóður, Sjúkra- sjóður, Orlofssjóður, Starfsmenntunarsjóður, Starfs- þróunarsetur háskólamanna) og orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Vinna tengd BHM svo sem í nefndum og ráðum auk samráðs og stuðnings við ráð og nefndir PÍ.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýs félagsfólks og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Undirbúa aðalfund, félagsfundi, fræðslufundi, málþing og starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórn PÍ eftir atvikum.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með keypta þjónustu hjá bókara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

PÍ hefur flutt aðsetur sitt að Borgartúni 27, 2. hæð. Ef þú þarft að fá viðtal hjá okkur þá mælum við með því að þú pantir viðtalstíma með því að senda tölvupóst á [throska@throska.is](mailto:throska@throska.is) eða hringja í síma félagsins **595-5160**

# Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 13 skipti. Áhersla hefur verið á undirbúning og viðræður vegna kjarasamninga sem losnuðu 31. mars sl. Auk þess hafa umfjöllunarefni stjórnar þetta árið verið fagmál, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins.

## Starfsárið 2023 - 2024

Fundur með stjórn ÞÍ, nefndum og ráðum var haldinn 23. ágúst 2023. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

### Fagrað

**Aron Freyr Hermannsson** (2023-2025)  
**Halldóra Kolka Ísberg** (2022-2024)  
**Jóhanna Margrét Einarsdóttir** (2023-2025)  
**Kolbrún Stígsdóttir** (2022-2024)  
**Sigríður Árnadóttir** (2023-2025)  
**Sunna Mjöll Bjarnadóttir** (2022-2024)  
**Ólöf Haflína Inngólfsdóttir** (2022-2024)

Tengiliður við stjórn:

**Anna Björk Sverrisdóttir**

### Kjörnefnd

**Íris Björk Ágústsdóttir** (2022-2024)  
**Álfheiður Hafsteinsdóttir** (2021-2023)  
**Stefanía Smáradóttir** (2023-2025)  
**Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir** (2022-2024)  
**Ragnildur Þórarinsdóttir** (2022-2024)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

### Laganefnd

**Arne Friðrik Karlsson** (2022-2024)  
**Björn Finnbogason** (2022-2024)  
**Damian Marek Idzikowski** (2023-2025)  
**Guðlaug Valgeirsdóttir** (2023-2025)  
**Katrín Eyjólfsdóttir** (2023-2025)

Tengiliður við stjórn: **Særún Ósk Böðvarsdóttir**

### Útgáfuráð

**Jenný Þórkatla Magnúsdóttir** (2022-2024)  
**Erla Björgvinsdóttir** (2022-2024)  
**Guðrún Benjamínsdóttir** (2022-2024)  
**Trausti Júlíusson** (2023-2025)  
**Rósa Hrönn Árnadóttir** (2023-2025)  
**Anna María Snorradóttir** (2023-2025)  
**Laufey Elísabet Löve** frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafraeðum

Tengiliður við stjórn: **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**

### Vísindasjóðsstjórn

**Valborg Helgadóttir**, formaður  
**Bjarnveig Magnúsdóttir**, gjaldkeri ÞÍ  
**Þórunn Halldórsdóttir**, ritari

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

### Siðanefnd

**Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir** (2021-2024)  
**Guðný Sigurjónsdóttir** (2022-2025)  
**Sigrún Broddadóttir** (2023-2026)

### Varamenn:

**Árni Már Björnsson** (2021-2024)  
**Friðrik Sigurðsson** (2022-2025)  
**Signý Þórðardóttir** (2023-2026)

Tengiliður við stjórn: **Laufey Elísabet Gissurardóttir**

Skoðunarmenn reikninga eru **Sigríður Rut Hilmarsdóttir** og **Fanney Sumarliðadóttir**

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Rut Hilmarsdóttir og Fanney Sumarliðadóttir.

Stéttarfélagar eru 772 talsins auk 12 fagaðila og eru konur í meirihluta eða 746 og karlar 54. Auk þess eru nemar í þroskaþjálfafraeðum skráðir með nemaaðild.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

## Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins  
**Herdís Hersteinsdóttir**

Framhaldsskólar  
**Vantar**

Ás styrktarfélag/búseta  
**Vantar**

Ás styrktarfélag/dagþjónusta  
**Herdís Halla Ingimundardóttir**

Ás styrktarfélag/dagþjónusta  
**Andrea Bergmann Halldórsdóttir**

Grunnskólar Hafnarfjarðar  
**Margrét Erla Haraldsdóttir**

Víðivellir í Hafnarfirði  
**Kristín Helga Marinósdóttir**

Reykjanesbær  
**Sigrún Sigurðardóttir**

Reykjavík-búseta  
**Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir**

Reykjavík-dagþjónusta  
**Oddrún Ólafsdóttir**

Grunnskólar Reykjavíkur  
**Ragnheiður E. Ragnarsdóttir**

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík  
**Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir**

Mosfellsbær  
**Gestur Guðrúnarson**

Klettaskóli  
**Magnús Guðberg Sigurðsson**

Leikskólar Reykjavíkur  
**Guðný Bachmann**

Seltjarnarnesbær  
**Puríður Hearn**

Austurland  
**Guðbjörg Gunnarsdóttir**

Grunnskólar Akureyrar  
**Ólafur Aron Pétursson**

Suðurland, búseta-dagþjónusta  
**Guðrún Linda Björgvinsdóttir**

Grunn- og leikskólar á Suðurlandi  
**Nína Kjartansdóttir**

Vesturland - Akranes  
**Vantar**

Suðurland – Setrið  
**Marie Louise Fogh Schougaard**

Norðurland vestra  
**Ragnheiður Rögnvaldsdóttir**

Reykjavíkurborg - Norðurmiðstöð  
**Damian Marek Idzikowski**

Vestfirðir  
**Birgitta Rós Björnsdóttir**

Garðabær  
**Vantar**

Ríki Landspítali  
**Gerður Pálsdóttir**

Grunnskólar Kópavogs  
**Pórunn Guðrún Einarsdóttir**

Kópavogur/Velferðarsvið  
**Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**

Frístundahluti SFS Reykjavík  
**Pórunn Skúladóttir**

Vestmannaeyjar  
**Sunna Jónsdóttir**

Austurland  
**Guðbjörg Gunnarsdóttir**

Akranes  
**Vantar**

Suðurland - Leik- og grunnskóli  
**Nína Kjartansdóttir**





1. maí 2023 - þroskaþjálfar mættir í kröfugöngu

## Kjaramálin


Kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélög, Ás styrktarfélag, Skálatún og samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) voru undirritaðir á árinu 2023 og var gildistími þeirra samninga til 31. mars 2024. Á tímabilinu var áætlað að vinna að útfærslu og eftirfylgni vegna bókana í samstarfi við önnur félög innan BHM

en einnig bókanir sem eingöngu eiga við um ÞÍ. Allir kjarasamningar eru lausir og kjaraviðræður hafnar við ríki og Reykjavíkurborg.

Við ríkið er ÞÍ í samfloti með 12 öðrum félögum innan BHM. Þau eru Dýralæknafélag Íslands, Félag geislafræðinga, Félag háskólakennara,

Félag háskólakennara á Akureyri, Félag háskóla-menntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjubjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag lögræðinga.

Við Reykjavíkurborg er ÞÍ í samfloti með 6 öðrum félögum innan BHM. Þau eru Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjubjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag lögræðinga.



Þí ásamt nokkrum stéttarfélögum sendu frá sér yfirlýsingu þar sem krafist er leiðréttingar á launum háskólamenntaðra og að þeim verði tryggð kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna í komandi kjaraviðræðum. Háskólamenntaðir hafa setið eftir í kjarasamningum síðustu ára vegna ítrekaðra krónutöluhækkana með tilheyrandi samþjöppun launa á vinnumarkaði. Samþjöppun tekna á Íslandi er ein sú mesta í Evrópu. Ljóst er að það stefnir í mikinn skort á sérhæfðu starfsfólki til að mæta þörfum atvinnulífsins. Hlutfall ungs fólks á Íslandi sem hefur lokið háskólanámi er langt undir meðaltali OECD ríkja. Við því verður að bregðast.

Sé ekki gripið til aðgerða mun ávinningur af háskólamenntun minnka enn frekar. Þá er líklegt að háskólamenntaðir sækji meira í störf í löndum þar sem eftirspurn er eftir fæmi þeirra og lífskjör háskólamenntaðra eru betri en á Íslandi.

Lífskjarasamningurinn skilaði félagsfólki aðildarféлага BHM langtum minni launahækkunum en félagsfólki ASÍ og BHM. Þetta má sjá á mynd að neðan.

Lífskjararannsókn BHM var lögð fyrir félagsfólk í 22 aðildarfélögum BHM í upphafi ársins.

Sendu aðildarfélögin könnunina út, hvert á sitt félagsfólk. Samtals var könnunin send á 16.563 einstaklinga og bárust 5.730 svör sem gefur 34% svarhlutfall. Niðurstöður eru vegnar eftir kyni og aðildarfélagi.

Á heimasíðu BHM er hægt að skoða niðurstöður rannsóknarinnar [niðurstöður rannsóknarinnar](#).

Heilbrigðisstéttir innan aðildarféлага BHM hafa stofnað starfshóp og fundað reglulega og sett sér markmið. Meginmarkmið starfshópsins er að beina kastljósi að sameiginlegum hagsmunum heilbrigðisstétta innan BHM hvað varðar kaup og kjör og áherslur í komandi kjaraviðræðum. Hafa þarf hugfast að heilbrigðisstéttir starfa víða á opinberum vinnumarkaði, það er í heilbrigðis-, félags- og menntaþjónustu. Vísbendingar eru um að heilbrigðisstéttir innan BHM séu lægra launasettar en aðrar stéttir með sambærilegt menntunarstig og ábyrgð sem starfa á öðrum sviðum.

Vinnan við áfangasamkomulagið um jöfnun launa milli markaða hefur verið flókin og tímafrek, en nú hefur sá áfangi náðst að sveitarfélögin hafa, í samráði við undirhóp aðila, komið sér saman um varanlega launahækkun til hópa í heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem veita klíniska þjónustu og menntastofnunum sem sinna kennslu. Hækkunin kom til framkvæmda þann 1. október 2023 og byggir á endurmati á tilteknum þáttum starfsmatskerfisins, þ.e. higrænni færnei og einstaklingsbundinni áætlana-gerð til langs tíma. Vinnan við það sem snýr að ríkinu gengur hægar en hjá sveitarfélögum, en þokast áfram og vonandi fer þeirri vinnu að ljúka. Rétt er að minna á að hér er einungis um að ræða fyrsta skrefið í vegferðinni um jöfnun launa, sem á sér rætur í samkomulagi um jöfnun lífeyrisréttinda milli markaða frá 2016.

## Umsagnir til Alþingis

Umsagnir voru ritaðar á starfsárinu um eftirtalin þingmál

- Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. 154. löggjafarþing 2023/2024. Þingskjal 813 – 584. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn um drög að frumvarpi til laga um inngildandi menntun. Mál nr. S–60/2024



## BHM

Proskafjalafélagið er þátttakandi í starfi BHM. Framkvæmdastjóri Þí er formaður í stjórn Styrktarsjóðs og fyrir hönd BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar.

Formannafundur BHM eru haldnir mánaðarlega þar sem farið er yfir mál aðildarféлага og bandalagsins.

Formaður tekur þátt í formannaráðsfundum en þar sitja formenn aðildarféлага bandalagsins. Formannaráð fer með æðsta vald milli aðalfunda BHM.

BHM stóð fyrir fjölbreyttri fræðslu af ýmsum toga á síðasta ári. Á námskeiðsvef BHM er hægt að kynna sér hvað er í boði. Fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn var fært yfir á rafrænt form og er því mun aðgengilegra nú en áður.

BHM hefur endurnýjað samstarfssamning sinn við Akademias fyrir árið 2023-2024.

Nú má þar finna fjölda námskeiða um tæknimál, námskeið í forritum Office pakkans, námskeið í netöryggi og margt fleira. Alls er um að ræða 105 námskeið og eru fleiri væntanleg. Nánar um þessi námskeið og fleiri námskeið er að finna inn á heimasíðu BHM

[www.bhm.is/um-bhm/vidburdir](http://www.bhm.is/um-bhm/vidburdir)



## Félagsfólk BHM með aðild að Starfsþróunarsetri háskólamanna

Samið hefur verið um fullan aðgang að námi og fræðslu á vettvangi Starfsmenntar fyrir starfsfólk ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana, sem jafnframt á rétt hjá Starfsþróunarsetri háskólamanna. Greiðslurnar skerða ekki einstaklingsrétt félagsfólks.



## Fræðslufundir og málþing



Málþing Proskapjálfafélags Íslands var haldið 2. febrúar 2024. Yfirskrift málþingsins var *Vitundarvakning – horfum til framtíðar - Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks*. Á málþinginu var markmið að vekja fólk til vitundar. Ekki aðeins um áætlunina sjálfa heldur einnig þau málefni sem þar um ræðir og skipta

máli þegar kemur að því að stuðla að sjálfræði og fullgildri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Á málþinginu voru fulltrúar ólíkra fagaðila og proskapjálfa sem tóku þátt í vinnuhópum við gerð áætlunarinnar. Góð mæting var á málþinginu eða um 250 manns. Málþingið var vel skipulagt hjá fagráði félagsins.

## Alþjóðlegur dagur proskapjálfa

Alþjóðlegur dagur proskapjálfa er haldinn 2. október ár hvert um allan heim. Proskapjálfa hafa kunnáttu og þekkingu til að veita fötluðu fólki og öðrum sem hafa skerta færni þann stuðning og þjónustu sem það þarfnast á hverjum tíma. Reynslan sýnir að proskapjálfa hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þjóna fjölbreyttum hópum í samfélaginu.

02 OKT-  
2023



Besta starf í heimi

#Fagmennska  
skiptir  
máli

#Alþjóðlegurdagurproskapjálfa



## Proskapjálfinn 2024

Proskapjálfinn kemur út nú í maí 2024 og eru ýmsar áhugaverðar greinar í blaðinu. Erla Björgvinsdóttir skrifar um málþing PÍ sem haldið var í febrúar 2024, **Vitundarvakning – horfum til framtíðar - Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks**. Einnig er í blaðinu viðtöl við proskapjálfa.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



# Erlent samstarf

Proskapjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norræna proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru, auk Íslands, félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Ísland ásamt Færeyjum hefur haft formennsku síðustu tvö árin. Stjórnarfundir NFFS voru haldnir í Reykjavík dagana 1. og 2. júní og 19. og 20. október. Á þessum fundum var farið yfir svokölluð landsrapport,

löndin senda inn fyrir fundinn skýrslu frá hverju landi þar sem kemur fram meðal annars; núverandi stjórn- málaástand, kjaramál og vinnuaðstæður, vinnutími, atvinnuleysi í löndunum, innra starf félaganna eins og starfsdagar málþing og fl.

Á fundinum sem haldinn var í október var nám proskapjálfa á Norðurlöndunum borin saman eins og gert var árið 2015.



Myndir frá stjórnarfundum NFFS á Íslandi



Proskapjálfafélag Íslands í samvinnu við Fellesorganisasjonen (FO), stærsta fag- og stéttarfélag proskapjálfa og félagsráðgjafa í Noregi, buðu til sérstakrar sýningar myndarinnar „Ola – venjulegur

óvenjulegur gaur“ fimmtudaginn 19. október kl. 17.00 í Bíó Paradís. Sýningin var haldin í tilefni þess að Nordisk forum for socialpedagoga (NFFS) fundar í Reykjavík.



Myndir frá Bíó Paradís „Ola – venjulegur óvenjulegur gaur“



**Næsti fundur verður haldinn í Færeyjum í 23. og 24. maí. Eftir þann fund mun Danmörk taka við formennsku NFFS næstu tvö árin.**

Proskapjálfafélag Íslands er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Aieji heldur heimsráðstefnu 19.-22. maí 2025 í Kaupmannahöfn, gaman væri að íslenskir proskapjálfar myndu fjölmenna á heimsráðstefnuna.





# Samstarf við háskólasamfélagið

Þann 24. júní brautskráðust 40 manns með BA-próf og einn með MA-próf í þroskaþjálfrafræði í Laugardalshöll. Fyrr um morguninn þennan dag fór fram útskriftarathöfn fyrir 49 þroskaþjálfra sem útskrifuðust með 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í þroskaþjálfrafræðum. Útskriftin fór fram í húsnæði Proskapaþjálfrafélagsins. Þetta var stór dagur og mikil gleði. Alls gaf Landlækniseimbættið út 50 ný starfsleyfi þroskaþjálfra á árinu, þar af 46 eftir útskriftardaginn.



Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Proskapaþjálfrafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskaþjálfra og skal sérstaklega tiltaka símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Hefur félagið átt tvo fundi með Menntavísindasviði Háskóla Íslands á starfsárinu.



**Myndir frá útskrift þroskaþjálfra með 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í þroskaþjálfrafræðum.**



# Þroskaþjálfafélag Ísland

verður  
60 ára  
2025

Á næsta ári fagnar Þroskaþjálfafélag Íslands 60 ára afmæli. Þann 18. maí 1965 tóku sig saman öflugar og framsýnar konur og stofnuðu Félag gæslusystra. Á aðalfundi árið 1996 var samþykkt að breyta nafni félagsins í Þroskaþjálfafélag Íslands. Stjórn ÞÍ hefur skipað afmælisnefnd, hana skipa Anna Lilja Magnúsdóttir, Auður Björk Kvaran, Hanna Kristín Sigurðardóttir, Jóhanna Margrét Einarsdóttir og Laufey Elísabet Gissurardóttir.

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjárfundabúnað og í raunheimum síðasta starfsár eins og stjórn félagsins. Mikilvægt er að hafa virkt

félagsfólk sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað.

Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 16. maí 2024

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

**Laufey Elísabet Gissurardóttir,**  
formaður ÞÍ



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS



[www.throska.is](http://www.throska.is)



## Skýrsla gjaldkera starfsárið 2023-2024

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2023. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs PÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra.

Félagssjóður skilaði rekstrarhagnaði upp á kr.: **6.559.695,-** eftir fjármagnsliði árið 2023.

### Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

## Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2023-2024

Trúnaðarmannaráð hélt 2 fundi á starfsárinu, einn staðfund og einn fjarfund. Staðfundurinn var haldinn í nýjum húsakynnum BHM í Borgartúni 27 þann 24. nóvember 2023. Á þeim fundi var unnin kröfugerð PÍ fyrir kjarasamninga sem voru lausir 31. mars síðast liðin. Trúnaðarmönnum var skipt upp í 3 hópa þar sem hver hópur skrifaði niður þær kröfur sem hópurinn vildi leggja áherslu á í kjaraviðræðum. Niðurstöðu þessarar vinnu var svo skilað á skrifstofu félagsins sem í kjölfarið

vann kröfugerð sem PÍ hafði til hliðsjónar við gerð kjarasamninga. Einnig var farið vel yfir 7. grein í jöfnun launa á milli markaða. Fjarfundur var svo haldinn á teams þann 11. mars 2024. Þar var farið yfir kröfugerð PÍ og áfram rætt um jöfnun launa á milli markaða. Formaður PÍ fór einnig yfir breytt landslag í kjaraviðræðum þar sem viðsemjendur lögðu áherslu á að bandalagið færi saman í samningaviðræður þó svo að hvert félag eigi sinn samningsrétt.

## Skýrsla laganefndar 2023-2024

Laganefnd PÍ hefur fundað með formlegum hætti 2 svar á tímabilinu auk óformlegra samtala milli funda. Hlutverk laganefndar er að vinna að og gera tillögur að lagabreytingum á lögum félagsins. Ein formleg beiðni barst frá stjórn PÍ varðandi 5. gr. laga Proskapjálfafélags Íslands, en í þeirri grein er fjallað um stjórnarsetu og stéttarfélagsaðild. Tillaga laganefndar PÍ er að breyta 5. gr. laga með eftirfarandi hætti:

### Núverandi 5. gr. 5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Proskapjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabili, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

### Eftir tillögu að breytingu 5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varamaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr hópi ritara og gjaldkera. Eigi færri en fimm af sjö stjórnarmeðlimum skulu vera með stéttarfélagsaðild.

Annað verkefni laganefndar á starfsárinu 2023-2024 var að halda áfram vinnu laganefndar frá starfsárinu 2022-2023 að endurskrifa lög félagsins svo þau ávarpi öll kyn með tilliti til breytinga á íslensku málfari og merking laganna breytist ekki. Þeirri vinnu er ekki lokið og mun halda áfram á næstkomandi starfsári.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



## Skýrsla fagráðs 2023-2024

Nokkur mannskípti urðu í fagráði á síðasta aðalfundi og komu þessir nýir inn Aron Freyr Hermannsson, Sigríður Árnadóttir og Jóhanna Margrét Einarsdóttir. Eins kom nýr tengill stjórnaren það er Anna Björk Sverrisdóttir.

Fagráð hefur haldið 14 formlega fundi og voru þeir bæði í gegnum Teams og í nýjum húsakynnum PÍ. Aðalverkefni fagráðs var málþingið sem að þessu sinni var haldið föstudaginn 2. febrúar.

Ákveðið var að bregða út af vananum og hafa málþingið í byrjun febrúar fremur en í lok janúar þar sem að sú dagsetning skarast á við ráðstefnu Barna- og unglíngageðdeildar (BUGL). Eftir miklar umræður um efni var ákveðið að fjalla um Landsáætlun um innleiðingu á samningi SP um réttindi

fatlaðs fólks og var yfirskriftin Vitundarvakning – horfum til framtíðar - Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Við fengum til liðs við okkur ýmsa sem komið hafa að vinnu við mótun landsáætlunarinnar, bæði frá hagsmunafélögum og fagaðilum. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags - og vinnumarkaðsráðherra, sleit svo þessu vel heppnaða málþingi þar sem um 240 þroskaþjálfar nutu dagsins og félagskapsins.

Eftir málþingið hefur fagráð fundað einu sinni og ákveðið dagsetningar fyrir næstu starfsdaga sem stefnt er að verði 6. og 7. febrúar 2025. Auk þess sem ákveðið var að fá Helgu Baldvins Bjargardóttur til að halda fræðsluerindi um áfallamiðaða nálgun á vormisseri.

## Skýrsla útgáfuráðs 2023-2024

Útgáfuráð ákvað að stefna að því að gefa blaðið út á hverju ári hér eftir. Það var því ráðist í vinnu við nýtt tölublað strax á haustdögum. Útgáfuráð hélt nokkra fundi í vetur og vinnan við blaðið gekk vel. Þegar þessi orð eru skrifuð er blaðið komið í lokafrágang og ætti því að vera komið út þegar þessi texti birtist. 1. tbl. 22. árgangur Proskafjálfans kemur út á netinu og verður aðgengilegt á vefsíðu Proskafjálfafélags Íslands.

Eins og áður viljum við í útgáfuráði hvetja þroskaþjálfara til að hlutast til um efni blaðsins. Proskafjálfinn er í senn mál gagnið okkar og fagtímarit stéttarinnar. Hvaða efni viljið þið sjá í blaðinu? Sendið okkur hugmyndir eða greinar. Takmarkið er að blaðið spegli starf þroskaþjálfara hvar sem þeir starfa, í skólakerfinu, búsetu, dagþjónustu, heilbrigðiskerfinu, félagsþjónustu eða annars staðar.

59  
ára

1965 - 2024

## Skýrsla siðanefndar 2023-2024

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum PÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Á þessu starfsári hefur siðanefnd fundað alls átta sinnum þar af fimm sinnum vegna erindis sem barst nefndinni. Siðanefnd fékk aðgang að teams svæði innan BHM þar sem hægt er að vista gögn á öruggan hátt og einnig fékk nefndin sitt eigið netfang: [sidanefnd.throska@throska.is](mailto:sidanefnd.throska@throska.is)

Siðareglurnar eru leiðarvísir sem er mikilvægt að styðjast við þegar upp koma atvik sem þarfnast skoðunar en þær eru verkfæri fyrir þroskaþjálfara

til að líta í eigin barm, ígrunda og til að efla sig í starfi. Í því skyni verður mánaðarlega vakin sérstök athygli á einni siðareglu í einu og hún birt á heimasíðu félagsins til ígrundunar, undir flípanum Siðaregla mánaðarins, frá og með 16. maí 2024.

Eitt formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári. Siðanefnd fjallaði um erindið í samræmi við starfsreglur siðanefndar Þroskaþjálfafélags Íslands (PÍ) um vinnuáðferðir og vinnslu erinda, skoðaði gögn er málið varðaði, úrskurðaði um málið og var málinu vísað til embættis landlæknis líkt og kveðið er á um í 21. gr. starfsreglna siðanefndar PÍ.

Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

## Skýrsla Vísindasjóðs 2023-2024

Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum Vísindasjóðsstyrkja fyrir 1. mars 2023 samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Styrkir voru greiddir út fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022. Alls voru greiddir 765 styrkir eða alls **kr.: 77.004.517,-**

## Skýrsla kjörnefndar 2023-2024

Kjörnefnd kom saman nokkrum sinnum á netfundum og áttum einnig í samskiptum þess á milli í gegnum messenger. Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, ráð og nefndir á vegum félagsins. Í ár voru fimmtán þroskaþjálfar að ljúka kjörtímabili, níu

gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og eru sex nýir þroskaþjálfar sem gefa kost á sér til setu í stjórn, ráðum og nefndum. Vel gekk að manna í öll embættin. Kjörnefnd býður nýja þroskaþjálfara í stjórn, ráð og nefndir velkomna til starfa og þakkar þeim sem ljúka setu fyrir vel unnin störf.

### Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd	
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir	(2024-2027)
Guðný Sigurjónsdóttir	(2022-2025)
Sigrún Broddadóttir	(2023-2026)
Varamenn í Siðanefnd	
Árni Már Björnsson	(2024-2027)
Friðrik Sigurðsson	(2022-2025)
Signý Þórðardóttir	(2023-2026)

# Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2024-2026

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2024-2026
<b>Stjórn PÍ</b>			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2022-2024)	Laufey E. Gissurardóttir
Haldóra J. Sanko	varaformaður	(2023-2025)	
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2023-2025)	
Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2022-2024)	Særún Ósk Böðvarsdóttir
Steinunn Jónsdóttir		(2022-2024)	Steinunn Jónsdóttir
Anna Björk Sverrisdóttir		(2023-2025)	
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2022-2024)	Gerður Pálsdóttir
<b>Útgáfuráð</b>			
Jenný Þórkátla Magnúsdóttir		(2022-2024)	Rósa Halldórsdóttir
Erla Björgvinsdóttir		(2022-2024)	Sunna Líf Kristjánsdóttir
Trausti Júlíusson		(2023-2025)	
Anna María Snorraddóttir		(2023-2025)	
Guðrún Benjamínsdóttir		(2022-2024)	Guðrún Benjamínsdóttir
Rósa Hrönn Árnadóttir		(2023-2025)	
<b>Fagrað</b>			
Aron Freyr Hermannsson		(2023-2025)	
Ólöf Haflína Ingólfssdóttir		(2022-2024)	Ólöf Haflína Ingólfssdóttir
Haldóra Kolka Ísberg		(2022-2024)	Bjarnveig Magnúsdóttir
Sigríður Árnadóttir		(2023-2025)	
Jóhanna Margrét Einarsdóttir		(2023-2025)	
Sunna Mjöll Bjarnadóttir		(2022-2024)	Póra María Rögnvaldsdóttir
Kolbrún Stígsdóttir		(2022-2024)	Kristín Hulda Þórarínsdóttir
<b>Laganefnd</b>			
Damian Marek Idzikowski		(2023-2025)	
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2023-2025)	
Arne Friðrik Karlsson		(2022-2024)	Arne Friðrik Karlsson
Katrín Eyjólfssdóttir		(2023-2025)	
Björn Finnbogason		(2022-2024)	Björn Finnbogason
<b>Kjörnefnd</b>			
Stefanía Smáradóttir		(2023-2025)	
Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir		(2022-2024)	Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir
Álfheiður Hafsteinsdóttir		(2023-2025)	
Íris Björk Ágústssdóttir		(2022-2024)	Íris Björk Ágústssdóttir
Ragnhildur Þórarínsdóttir		(2022-2024)	Ragnhildur Þórarínsdóttir

## Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Sigríður Rut Hilmarsdóttir

Fanney Sumarliðadóttir

# Starfsáætlun Proskapjálfafélags Íslands 2024-2025

## Í lögum ÞÍ í gr. 2. er fjallað um tilgang félagsins þar segir:

1. Að efla stétt proskapjálfa, stuðla að samvinnu þeirra og samstöðu og gæta hagsmuna þeirra.
2. Að semja um kaup og kjör proskapjálfa og standa vörð um réttindi þeirra.
3. Að styrkja stéttarvitund proskapjálfa og efla áhuga þeirra á öllu er að starfi þeirra lýtur.
4. Að efla og standa vörð um menntun proskapjálfa, grunnmenntun, framhaldsmenntun, símenntun og endurmenntun.

5. Að hafa samstarf við félög proskapjálfa og annarra hliðstæðra stétta erlendis.
6. Að gæta hagsmuna fatlaðs fólks, stuðla að framförum í málefnum þeirra og beita sér fyrir auknum skilningi á stöðu þeirra og þörfum.
7. Að semja við stjórnvöld um framlög vegna sjálfstætt starfandi proskapjálfa.

Gildi félagsins voru ákvörðuð eftir starfsdaga sem haldnir voru árið 2015 þar sem stefna ÞÍ var mótuð til 2025.

Gildin eru **Áræðni, Framþróun og Sveigjanleiki**.



## Kjaramál

- Proskapjálfafélag Íslands er með samningsumboð fyrir hönd proskapjálfa sem starfa hjá sveitarfélögum, ríki, samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og á almennum markaði.
- Proskapjálfafélag Íslands er eitt aðildarfélag Bandalags Háskólamanna (BHM) og njóta félagsmenn með stéttarfélagsaðild réttinda sem sjóðir BHM veita.
- ÞÍ hefur frumkvæði að réttinda- og hagsmunabaráttu proskapjálfa.
- ÞÍ veitir félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og upplýsingar um réttindi þeirra. Það er gert m.a. með heimasíðu, facebook, tölvusamskiptum, símaþjónustu og fundum.
- Proskapjálfafélag Íslands leggur áherslu á að vera með öflugum trúnaðarmenn um allt land.

## Hagsmunagæsla

- ÞÍ er fagfélag proskapjálfa á Íslandi og stendur fyrir margvíslegum verkefnum til að sinna því hlutverki.
- Proskapjálfar sem eru í öðru stéttarfélagi geta sótt um að vera með fagaðild að ÞÍ.
- ÞÍ tekur virkan þátt í stefnumótandi umræðu og ákvörðum aðildarféлага BHM sem fara fram á formannaráðsfundum bandalagsins.
- ÞÍ tekur þátt í aðalfundi BHM sem haldin er í maí ár hvert.
- ÞÍ sinnir eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál félagsins, m.a. á grundvelli umsagna.
- ÞÍ vekur athygli á Alþjóðadegi proskapjálfa sem er 2. október ár hvert, t.d. með viðburði og hvetja proskapjálfa til að segja frá störfum sínum og vera sýnilegir.

- ÞÍ er með aðild að Landsamtökunum Proskahjálpar og situr formaður formannafundi Proskahjálpar og eigum við fulltrúa á landsþingi samtakanna.
- ÞÍ vekur athygli á greinaskrifum og viðtölum við proskapjálfa, m.a. í gegnum samfélagsmiðla félagsins.

## Fagmál

- Skrifstofa félagsins sinnir undirbúningi fyrir árlegan fund stjórnar með nefndum og ráðum félagsins í september/október.
- Stjórn ÞÍ er með tengil við ráð og nefndir félagsins og veitir hvatningu og stuðning við störf nefna og ráða.
- Útgáfuráð sér um að gefa út Proskapjálfa á vormánuðum ár hvert.
- Fagråd sér um að skipuleggja starfsdaga 6. og 7. febrúar 2025.
- Proskapjálfafélag Íslands verður 60 ára 18. maí 2025 verður skipuð afmælisnefnd til að undirbúa afmælið.
- ÞÍ heldur útskriftarathöfn í samvinnu við Menntavísindasvið fyrir proskapjálfa sem eru að ljúka 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í proskapjálfafræði

## Samstarf

- Reglubundnir fundir með ÞÍ með forseta menntavísindasviðs og starfsmönnum proskapjálfabrautar HÍ, til að ræða sameiginleg málefni og efla samstarf.
- Samstarf við proskapjálfabraut og Proskahjálpar vegna viðurkenningu fyrir BA verkefni.

**Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki**



**Fjármál**

- Umsýsla með fjármál félagsins liggur hjá starfsmönnum ÞÍ.
- Eftirlit með fjárreiðum félagsins er í höndum starfsmanna og stjórnar.
- Undirbúningur ársreikninga og fjárhagsáætlunar sem lögð er fyrir aðalfund.

**Erlent samstarf**

- Þroskaþjálfafélag Íslands er aðili að NFFS (*nordisk forum for socialpedagoga*) er norrænt samstarf þroskaþjálfra og fundar hópurinn tvisvar á ári.
- Þroskaþjálfafélag Íslands er aðili að heimsamtökum þroskaþjálfra sem heldur ráðstefnu 19. til 22. maí 2025 í Kaupmannahöfn. <http://aieji.net/>

**Nefndarstörf starfsmanna ÞÍ**

- Framkvæmdastjóri ÞÍ er formaður styrktarsjóðs BHM
- Framkvæmdastjóri ÞÍ er fulltrúi BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar.
- Framkvæmdastjóri ÞÍ er fulltrúi BHM faglegri stjórn starfsmats.

**Fastir viðburðir**

- Starfsdagar ÞÍ í 6. og 7. febrúar, tengt afmæli félagsins 18. Maí.
- Aðalfundur í maí þar sem lagðir eru fram ársreikningar félagsins, fjárhagsáætlun stjórnar, starfsáætlun stjórnar og skýrsla stjórnar og nefnda.
- Útskriftarathöfn fyrir þroskaþjálfanema sem eru að ljúka 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í þroskaþjálfrafræði í júní.
- Fundur stjórnar með ráðum og nefndum sem starfa á vegum félagsins haldin september/október.

**Áhersluatriði 2024-2025**

**Innra starf** – áfram verður lögð áhersla á að bjóða upp á rafræna fundi jafnt og staðfundi.

Skrifstofa ÞÍ flutti að Borgartúni 27, 2. hæð í nóvember 2023 og vannur starfsfólk ÞÍ í opnu rými ásamt starfsfólki níu annarra stéttarféлага. Jafnframt eru þrjú fundarherbergi. Ný aðstaða styður við teymisvinnu og samstarf þvert á stéttarfélög sem hefur áhrif á innra starf félagsins. Lögð verður áhersla á að miðla fréttum af starfi félagsins og viðburðum á vegum félagsins til félagsmanna.

Félagið fagnar 60 ára afmæli á árinu 2025 er áætlað að halda stefnumótunarþing til að fá fram sjónarmið félagsfólks um starfsemi félagsins til framtíðar.

**Kjarasamningar** – kjarasamningar voru lausir 31. mars 2024 og munu kjaraviðræður setja mark á starfsárið.

**Stofnanasamningar** – á starfsárinu verður unnið að endurskoðun stofnanasamninga en þegar er hafið samtal við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fyrir liggur að stofnanir munu ekki vera tilbúnar til samtals fyrir en kjarasamningar hafa verið undirritaðir.

**Starfsmat** – vinna við starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum er viðvarandi verkefni og á starfsárinu verður eftirfylgni vegna mats á nýjum störfum og endurmati fyrirbyggjandi starfa eftir atvikum.

**Norrænt samstarf** – Ísland og Færeyjar hafa verið með formennsku NFFS samtakana síðustu tvö árin en Danmörk mun taka við í haust munu formaður og varaformaður sækja þessa fundi. Mikilvægt verður að auka fagþróun og fara í stefnumótun hjá félaginu. Síðast var farið í stefnumótun 2015 og var sú stefnumótun til 2025.





ÞROSKAPJÁLFAFÉLAG  
ÍSLANDS

